

Hárgreiðslustofa

Símaviðtal/símapöntun.

Afgreiðslukona: Hárgreiðslustofa Báru Kemp, góðan daginn

Viðskiptavinur: góðan daginn, ég ætla að panta tíma í klippingu og strípur.

Afgreiðslukona: Hvenær viltu koma?

Viðskiptavinur: Áttu tíma eftir hádegi á föstudag?

Afgreiðslukona: Nei, það er allt fullbókað. Því miður.

Viðskiptavinur: Ah, æ, það var verra= það var ekki gott. En áttu tíma fyrir hádegi á mánudag?

Afgreiðslukona: Nei, við höfum lokað á mánudögum.

Viðskiptavinur: Jæja, ég verð þá bara að fá frí til að koma. Hvenær áttu tíma?

Afgreiðslukona: Sko bíddu, já við skulum sjá.... Hvað segirðu um miðvikudag klukkan 12:30, hálféitt.

Viðskiptavinur: Já, já, ég kem bara þá.

Afgreiðslukona: Hvað er nafnið?

Viðskiptavinur:

Afgreiðslukona: Hvað er síminn hjá þér?

Viðskiptavinur: bless sjáumst þá, takk fyrir

Miðvikudagur, klukkan 12:25

Viðskiptavinur: Góðan daginn ég á pantaðan tíma núna klukkan hálféitt

Afgreiðslukona; hvað er nafnið?

Viðskiptavinur:

Afgreiðslukona: Já, ég sé það hér. Má bjóða þér sæti á meðan þú bíður?

Viðskiptavinur: Já takk.

Hárgreiðslukona; ert það þú?

Viðskiptavinur: Já, það er ég.

Hárgreiðslukona: Gjörðu svo vel

Viðskiptavinur: Takk.

Hárgreiðslukona: Hvað viltu?

Viðskiptavinur: 1) a, bara særa, = taka smá neðan af (hárinu)

2) Æ, ég veit ekki. Hvað finnst þér?

3) Stutt! Drengjakoll. Ég er svo þreytt á að blása hárið.

4) Klippa smá og svo ljósar strípur

5) Ah, bara eitthvað spennandi.

Áttu kannski tískublöð?

Ég vil fá nýjustu tísku.

Hárgreiðslukona: Er hárið hreint?

Viðskiptavinur: Já, ég þvoði það í morgun.

Klippiklippiklipp.....

Hárgreiðslukona: Nú ertu tilbúinn. Viltu sjá að aftan.

(kemur með spegil). Er þetta fínt?

Viðskiptavinur: Já þetta er mjög fínt. Takk kærlega fyrir

Hárgreiðslukona og viðskiptavinur ganga að peningakassa.

Hárgreiðslukona: Þetta kostar 6.500.-

Viðskiptavinur: Gjörðu svo vel, hér er debetkortið mitt.

Hárgreiðslukona: Takk.

Viðskiptavinur: Takk fyrir og vertu blessuð.

Hárgreiðslukona: Vertu blessaður.